

sé þetta ljóst af því, að samningurinn hafi verið verulega óhagstæður honum. Til þessa bendi og það, að það sé fyrst eftir andlát Þorvalds, sem beðið sé um skrásetningu firmans.

Það er óvæfengt í málinu, að Þorvaldur Benjamínsson hafi undirritað framangreindan félagssamning. Gegn mótmælum stefnanda hefur stefndur ekki fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að Þorvaldur Benjamínsson hafi ekki verið nægilega andlega heilbrigður við undirskrift sammingsins. Ekkert er upp komið í málinu, er bendi til þess, að um misneytingu hafi verið að ræða af hálfu stefnanda. Sýknukrafa stefnda verður því ekki tekin til greina, enda verður ekki séð, að neinar aðrar ástæður séu því til fyrirstöðu, að skráning fari fram.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndum verður dæmt gegn lögmaeltum gjöldum að setja firmað Th. Benjamínsson & Co. á verzlunarskrá Reykjavíkur. Eftir þessum úrslitum ber honum einnig að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Árni Tryggvason borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndum, borgarfogetanum í Reykjavík, ber sem skrásetningarvaldsmanni að setja firmað Th. Benjamínsson & Co. á verzlunarskrá Reykjavíkur gegn lögmaeltum gjöldum. Stefndur greiði fyrir hönd ríkissjóðs stefnandanum, Óla J. Ólasyni, kr. 400.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1945.

Nr. 79/1945. H/f Shell á Íslandi (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

H/f Gísla Súrssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar og heimvísun máls.

Dómur hæstaréttar.

Annar samdómsmanna í héraði, Magnús Bjarnason, hafði samkvæmt dómkvaðningu framkvæmt mat á v/s Erni með farmi og búnaði. Honum var því óheimilt samkvæmt 4.

tölulið 36. greinar laga nr. 85/1936 að sitja í dómarsæti í málinu. Af þessari ástæðu verður að ómerkja meðferð málsins, frá því munnlegur málflutningur hófst, svo og héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð málsins í héraði, frá því munnlegur málflutningur hófst, svo og héraðsdómurinn eiga að vera ómerk, og visast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 27. marz 1945.

Ár 1945 þriðjudaginn 27. marz var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af Bergi Jónssyni bæjarfógeta sem formanni dómsins ásamt sjó- og verzlunardómsmönnum Magnúsi Bjarnasyni bryggjuverði og Birni Helgasyni skipstjóra sem meðdómsmönnum upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 16. marz s. l.

Mál þetta, sem þingfest var 16. júní s. l., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 13. júní f. á., af Hallgrími Fr. Hallgrímssyni f. h. h/f Shell á Íslandi gegn Óskari Jónssyni framkvæmdarstjóra, Norðurbraut 3 í Hafnarfirði, f. h. h/f Gísla Súrssonar til greiðsiu björgunarlauna, að upphæð kr. 20000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins. Enn fremur er þess krafizt, að viðurkenndur sé sjóveðréttur í vélbátnum Erni G.K. 285 fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

Stefndur mótmælir kröfum stefnandans og krefst sýknu af kröfu um greiðslu björgunarlauna og málskostnaðar og að stefnda verði aðeins gert að greiða stefnanda hæfilega þóknun fyrir aðstoð, ekki yfir 800 kr., og stefnanda enn fremur gert að greiða honum hæfilegan málskostnað.

Málavextir eru þeir, að 28. ágúst 1943 var vélskipið Skeljungur, eign stefnandans, h/f Shell á Íslandi, á leið frá Ísafirði til Skerjafjarðar. Kl. 1 s. d. sama dag var skipið statt 10 sjóm. frá Gróttu og fékk þá tilkynningu frá Slysavarnafélaginu um, að bátur væri með bilaða vél 20—22 sm. N V frá Hafnarfirði, og var beðið að veita bátnum aðstoð.

Skeljungur sneri nú við og hélt á staðinn, sem til var vísað, en báturinn sást ekki. Eftir nokkra leit fannst hann, og kom Skeljungur að bátnum kl. 4.50 síðdegis 27 sm. N V af Gróttuvita. Bátur þessi reyndist að vera v/b Örn G. K. 285 frá Hafnarfirði. Var nú komið dráttartaugum frá Skeljungu í v/b Örn og því næst lagt af stað kl. 6 e. h. með bátinn í eftirdragi og haldið til Hafnarfjarðar. Var komið þangað um klukkan eitt um nóttina og báturinn bundinn þar við bryggju. Þar sem dimmt var af nóttu, beið Skeljungur fram undir birtingu, en hélt síðan til Skerjafjarðar, og er þangað kom, höfðu farið 17 klst. í að veita fyrrgreinda hjálp.

Þegar þetta gerðist, var vindur austan 3—4 stig og sjólag 4.

Stefnandinn heldur því fram, að um hafi verið að ræða fullkomna björgun, þar sem v/b Örn hafi verið með öllu ósjálfbjarga og rekið fyrir straumi og vindi, þegar Skeljungur kom að.

V/b Örn var með ca. 40 tonn af nýveiddri sild, en báturinn ásamt veiðarfærum er metinn samkvæmt framlagðri matsgerð á kr. 146230.00. En Skeljungur hefur samkvæmt uppgjöf stefnandans verið metinn á kr. 740000.00 í björgunarlaun í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur.

Heldur stefnandinn því fram með hliðsjón af verðmætum þessum, að stefnukröfu máls þessa sé mjög í hóf stillt, og hefur til samanburðar vitnað í hæstaréttardóma í björgunarmálum.

Stefndur hefur hins vegar algerlega mótmælt því, að hér sé um björgun að ræða. Hin veitta hjálp sé aðeins venjuleg aðstoð og fullyrðir, að hæfileg þóknun fyrir hana sé 800 kr. í hæsta lagi. Það hefði verið hægðarleikur fyrir v/b Örn að komast til hafnar á seglum, eins og vindi og veðri var þá háttað. Því til stuðnings vitnar hann í framlagt vottorð skipaskoðunarmanns þess, er skoðað hafði bátinn í ágúst 1943 (rskj. nr. 8a), um það, að báturinn hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem lög fyrirskipuðu um seglaútbúnað slíkra báta, og telur skipaskoðunarmaðurinn, að enda þótt vél hefði bilað í bátnum við veiðar hér í „flóanum“, þá hefði hann átt að komast hjálparlaust að landi í öllu sæmilegu veðri að sumarlagi.

Með skirskotun til framanritaðs vottorðs skipaskoðunarmannsins og að því athuguðu, að veður var gott, er umrædd hjálp var veitt, féllst rétturinn á þá skoðun stefnds, að eigi hafi verið hér um björgun að ræða. Hins vegar verður að telja, að v/s Skeljungur hafi veitt v/b Erni allverðmæta aðstoð, þar sem báturinn hafði auk annars verðmætis meðferðis nýveidda sild, sem metin hefur verið á 2000 kr. og lá undir skemmdum.

Með hliðsjón af því og þeim tíma, sem til aðstoðarinnar fór og virðist réttlættur með framburði vitna, sem leidd hafa verið í málinu, og að því athuguðu, að upplýst er, að rekstrarkostnaður v/s Skeljungs er á sólarhring kr. 2000.00, þykir þóknun stefnanda fyrir hina veittu aðstoð hæfilega ákveðin kr. 4000.00.

Þá ber og að taka til greina kröfu stefnandans um tildæmdan málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 700.00.

Enn fremur skal til greina tekin krafa stefnandans um sjóveðrétt í v/b Erni G.K. 285 fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Óskar Jónsson f. h. h/f Gísla Súrssonar, greiði stefnandanum, Hallgrimi Fr. Hallgrímssyni f. h. h/f Shell á Íslandi, kr. 4000.00 með 6% ársvöxtum frá 13. júní 1944 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Jafnframt hefur stefnandinn sjóveðrétt í v/b Erni G.K. 285 fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1944.

Nr. 42/1945. **Garðar Jónsson** (Stefán Jóh. Stefánsson)
 gegn

Skipaútgærð ríkisins (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari hrl. **Einar B. Guðmundsson**
 í stað hrd. **Árna Tryggvasonar**.

Ágreiningur um skiptingu bjarglauna milli skipverja.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m., gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 183.52 með 5% ársvöxtum frá 1. febrúar 1941 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.